

Í þorpi og sveit

Samfélag og félagslíf



Heimavistarskólinn og samkomuhúsið á Staðarborg um 1960.



Aðalfundur Kaupfélagsins árið 1954. Fundarmenn: Kristján Jónsson Kirkjuból, Björgvin Magnússon Höskuldstaðaseli, Einar Björnsson Eyjum, Magnús Sigurðsson Hvammi, Pétur Sigurðsson Breiddalsvík, Hjörtur Einarsson Lágafelli, Kristinn Sigurðsson Dagsbrún, Sigurður Lárusson Gílsá, Björgólfur Sveinsson Artúni, Guðjón Friðgeirsson Árbæ, Friðgeir Þorsteinsson Árbæ, Jóhann Magnússon Hafnarnes, Björgvin Gíslason Krossgerði, Runólfur Einarsson Stöðvarfirði, Gísli Guðnason Selnesi, Arnleifur Þórðarson Kirkjubólsseli, Páll Guðmundsson Gílsárstekk, Guðmundur Björnsson Vegni, Hafsteinn Jónsson Bjarmalandi, Friðbjörn Þorsteinsson Vík, Sigurbjörn Guttormsson Stöð, Björn Stefánsson kaupfélagsstjóri Stöðvarfirði, Jón Björgólfsson Þorvaldsstöðum og Sigurjón Jónsson Snæhvammi.

Staðarborg

Aðstæður til félagsstarfs í sveitarfélaginu voru löngum heldur bágbornar; samkomur fóru t.d. fram í „kofaskrifli sem hvorki heldur vatni né vindi, og er þar að auki öllum hlutaðeigendum til skammar að ytra og innra útliti“, eins og einn framfarasinni orðaði það árið 1940. Fræðsluþörf var þjónað með farkennslu en brátt var því hreyft að koma þyrfti upp föstum skóla í sveitinni – hugmynd vaknaði um að byggja skóla og samkomuhús saman í hnapp.



Á tröppum gamla samkomuhússins á Stöðulbarði.

Miðstöðinni var valinn staður á Staðarborg, ofan við kirkjustaðinn að Heydölum. Íþrótt- og samkomuhúsið var vígt hinn 22. september 1946 og var þá sagt eitt myndarlegasta samkomuhús í sveit hér á landi. Næst var tekið til við skólaþynginguna og var skólinn vígður árið 1958.

Árið 1966, eftir að fjölgað hafði allnokkuð á Breiddalsvík var stofnað skólaútibú í Gamla kaupfélaginu. Þar kenndi Guðjón Sveinsson yngstu börnunum í þorpinu. Um leið var stofnuð unglingadeild við barnaskólann á Staðarborg en áður höfðu unglingar mátt sækja kennslu í önnur byggðarlög.

Með árunum varð mjög aðkallandi að reisa nýtt skólahús og komst skriður á framkvæmdir á áttunda áratugnum. Fimmán árum síðar, árið 1992, var loks haldin vígsluhátíð nýs og glæsilegs skólahúss.



Kápa afmælisrits UMF Hrafnkells Freysgoða 1977.

Heydalir og Staðarborg Samkomustaður Breiddalunga



Prestsetrið á Heydölum um miðja 20. öld. Gamla kirkjan í forgrunni reist 1856.

Kirkjan í Heydölum

Kirkja hefur lengi verið í Heydölum og jafnan þótt eitthvert besta brauð landsins. Margir mætir kennimenn hafa setið staðinn, þeirra þekktastur er án efa Einar Sigurðsson sem var ekki aðeins eitt kunnasta sálmaskáld okkar – hann orti m.a. Kvæði af stallinum Kristí (Nóttin var sú ágæt ein) – heldur naut hann svo mikils barnaláns að sagt er að sérhver Íslendingur sé út af honum kominn úr mörgum áttum.

Um miðja 19. öld var reist timburkirkja í Heydölum og voru þar ýmsir vænir gripir, t.d. önnur elsta kirkjuklukka landsins. Þetta var snoturt guðshús en þar kom að það þjónaði ekki lengur hlutverki sínu sakir þrengsla. Á 100 ára afmæli kirkjunnar, árið 1956, var stofnaður byggingarsjóður nýrrar kirkju sem kennd skyldi við Einar sálmaskáld í Heydölum og kölluð Einaraskirkja.



Unnið við að koma sperrum fyrir á nýju kirkjunni. Útveggir uppsteyptir, en kórinn ökominn.

Ár og dagur leið þó áður en söfnuður og sóknarprestur fluttu sig í nýja kirkju, 18 ár raunar en vígslan fór fram 13. júlí 1975. Ýmsir góðir gripir eru í kirkjunni, m.a. altaríafla frá 1865. Hins vegar vildi svo raunalega til að árið 1982 brann gamla timburkirkjan og með henni altari, predikunarstóll og tvær gamlar klukkur og var það óbætanagerlegur skaði.



Kirkjurnar á Heydölum á sjóunda áratugnum, nýja kirkjan foheld.

